



## Aðalfundur Byggðasamlags Vestfjarða um málefni fatlaðs fólks (BsVest).

Aðalfundur BsVest var haldinn 22. október kl 09:00. aðalfundur var haldinn í fundarsal Vestfjarðastofu, Árnagötu 2-4

Dagskrá fundarins:

1. Árskýrsla BsVest um starfsemi liðins árs.
2. Afgreiðsla ársreiknings síðasta árs og skýrsla endurskoðenda byggðasamlagsins.
3. Laun og þóknun stjórnar. (næsta ár)
4. Endurskoðuð fjárhagsáætlun starfsársins og fjárhagsáætlun fyrir komandi ár.
5. Starfsáætlun komandi árs.
6. Kosning fimm aðalmanna og fimm varamanna til stjórnar byggðasamlagsins til tveggja ára í samræmi við 5. grein samþykktu BsVest<sup>1</sup> (næsta ár)
7. Kosning endurskoðanda og endurskoðendafyrirtækis
8. Umfjöllun um breytingar á samþykktum byggðasamlagsins ef tillaga um það hefur komið fram með löglegum fyrirvara.
9. Önnur mál.

### Fundargerð:

Formaður stjórnar BsVest setur fundinn og býður fundarmenn velkomna og tilnefni Jón Pál Hreinsson, bæjarstjóra Bolungarvíkur, sem fundarstjóra og leitar eftir samþykki fundarmanna.

Jón Páll tekur við stjórn fundarins og tilnefni Díönu Jóhannsdóttur sem fundarritara og leitar eftir samþykki fundarmanna.

Fundastjóri gerir nafnakall á þingfulltrúum samkvæmt eftirfarandi:

---

<sup>1</sup>5. gr. Aðalfundur byggðasamlagsins skal haldinn fyrir lok maímánaðar ár hvert. Aukafundi skal boða ef þörf krefur að mati stjórnar eða ef a.m.k. tvö aðildarsveitarfélög óska þess. Á kosningarári sveitarstjórna skal halda aukaaðalfund eigi síðar en fyrir lok september þar sem kosin skal ný stjórn og kjörnefnd. Fráfarandi stjórn skal boða til þess fundar.



Íbúafjöldi sveitarfélaga 1. janúar 2021		
Heiti sveitarfélags	Fjöldi íbúa	Fjöldi fulltrúa
Reykholahreppur	236	2 atkvæði - Jóhanna Ösp Einarsdóttir
Vesturbyggð	1064	4 atkvæði - María Ósk Óskarsdóttir, Magnús Jónsson
Tálknafjarðarhreppur	268	2 atkvæði - Ólafur Þór Ólafsson
Bolungarvíkurkaupstaður	958	3 atkvæði - Jón Páll Hreinsson
Ísafjarðarbær	3794	6 atkvæði - Birgir Gunnarsson
Súðavíkurhreppur	201	2 atkvæði - Bragi Þór Thoroddsen
Árneshreppur	42	1 atkvæði - Eva Sigurbjörnsdóttir
Kaldrananeshreppur	110	1 atkvæði – Enginn mættur
Strandabyggð	435	2 atkvæði – Enginn mættur

Samtals

7108 23

## 1. Árskýrsla BsVest um starfsemi liðins árs.

Sif Huld Albertsdóttir, framkvæmdastjóri BsVest fer yfir starfsemi liðins árs. Framkvæmdastjóri leggur til að farið verði yfir lið 1 og 2 saman og opnað fyrir umræður eftir 2. lið og varð það samþykkt.

## 2. Afgreiðsla ársreiknings síðasta árs og skýrsla endurskoðenda byggðasamlagsins.

Sif Huld Albertsdóttir, framkvæmdastjóri BsVest, gerir grein fyrir ársreikningi fyrir árið 2020.

Fundarstjóri gerir grein fyrir að Sif Huld lagði fram áritaða reikninga af stjórn og endurskoðanda og geta fundarmenn fengið sent undirritað eintak óski þeir eftir því.

Orðið er gefið laust vegna ársskýrslu og reikninga.

Jón Páll Hreinsson bæjarstjóri Bolungarvíkur tók til máls og gerir grein fyrir fjármagni til Bolungarvíkurkaupstaðar en það kemur til vegna fjárfestingar sveitarfélagsins sem Jöfnunarsjóður tók þátt í á móti sveitarfélaginu. Skuld BsVest hefur ekki aukist, og ákveðnu jafnvægi hefur verið náð. Rebekka Hilmarsdóttir bæjarstjóri Vesturbyggðar tekur til máls um verklagsreglur og



spyr hvort að þær komi í veg fyrir að viðaukar séu að koma inn seint til Byggðasamlagsins. Birgir Gunnarsson bæjarstjóri Ísafjarðarbæjar svarar og segir að það sé hugsunin að þessar reglur komi í veg fyrir að viðaukar séu að berast seint til BsVest. Ólafur Þór Ólafsson sveitarstjóri Tálknafjarðarhrepps tekur jafnframt til máls og segir að sannarlega komi relgurnar ekki í veg fyrir að viðaukar komi seint en þetta sé til þess gert að lágmarka þá áhættu. Fundarstjóri leggur ársskýrslu og ársreikning upp til afgreiðslu. Samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.

### **3. Laun og þóknun stjórnar.**

Fundarstjóri leggur fram eftirfarandi tillögu:

Laun og þóknun stjórnar 2021-2022

Laun stjórnar og nefnda taki mið af þingafarakaupi eins og það er í dag kr.

1.285.411.- .

- Laun formanns BsVest verði 6% af kr. 1.285.411.- = 77.124 kr. fyrir hvern setinn fund.
- Laun kjörinna fulltrúa og varamanna verði 3% af kr. 1.285.411.- = 38.562 kr. fyrir hvern setinn fund.
- Ef stjórnarmaður er framkvæmdarstjóri sveitarfélags eru ekki greidd laun fyrir stjórnarsetu.
- Fæðis og dagpeningar greiðast samkvæmt ákvörðun ferðakostnaðarnefndar hverju sinni. Sæki stjórnarmaður fund utan síns atvinnusvæðis skal greiða honum sem nemur fæðispening fyrir hvern dag. Gisting skal að jafnaði greidd af BsVest.

Fundarstjóri gefur orðið er laust um tillögu stjórnar. Rebekka Hilmarsdóttir bæjarstjóri Vesturbyggðar tekur til máls og spyr um ákvörðun þess að framkvæmdastjórar sveitarfélaga fá ekki greitt fyrir setu sína í stjórninni og hvort það sé sanngjarnt. Sif Huld Albertsdóttir framkvæmdastjóri BsVest svarar og segir að þessi ákvörðun hafi verið tekin vegna mikils stjórnarkostnaðar. Bragi Þór Thoroddsen sveitarstjóri Súðavíkurrepps tekur til máls og lýsir þeirri skoðun að



framkvæmdastjórar sveitarfélaga eigi að sinna þessum málaflokki og sé það hluti af þeirra vinnu sem framkvæmdastjórar og því sé eðlilegt að þeir fái ekki greitt aukalega fyrir setu í stjórn BsVest.

Tillagan sett upp til afgreiðslu, enginn á móti og telst hún því samþykkt.

#### **4. Endurskoðuð fjárhagsáætlun starfsársins og fjárhagsáætlun fyrir komandi ár.**

Sif Huld Albertsdóttir, framkvæmdastjóri BsVest fer yfir endurskoðaða áætlun vegna ársins 2021 og fjárhagsáætlun komandi árs á skrifstofu BsVest ásamt því að gera grein fyrir því fjármagni sem fylgir hverju sveitarfélagi innan BsVest miðað við framlög Jöfnunarsjóðs.

Fundarstjóri gefur orðið laust, enginn tekur til máls.

Fundarstjóri leggur fram endurskoðaða fjárhagsáætlun og fjárhagsáætlun fyrir komandi ár upp til afgreiðslu. Samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.

#### **5. Starfsáætlun komandi árs.**

Sif Huld Albertsdóttir, framkvæmdastjóri BsVest fer yfir starfsáætlun komandi árs og þau verkefni sem nú eru í vinnslu.

Fundarstjóri gefur orðið laust og tekur Jón Páll Hreinsson, bæjarstjóri Bolungarvíkur til máls, í ár hefur verið unnið að stjórnsýslulegum málum meðal annars voru unnar verklagsreglur. Ólafur Þór Ólafsson, sveitarstjóri Tálknafjarðar tekur til máls og vekur athygli á því að eðli BsVest sé flókið og þar séu miklir fjármunir að fara í gegnum um BsVest, nú eru kosningar í vor og því spurning hvort ársfundir BsVest eigi að vera haldinn fyrir eða eftir kosningar. Umræður skapast um tímasetningu fundarins.

Fundarstjóri leggur starfsáætlun upp til afgreiðslu. Samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.



**6. Kosning fimm aðalmanna og fimm varamanna til stjórnar byggðasamlagsins til tveggja ára í samræmi við 5. grein samþykktu BsVest<sup>2</sup>**

Breyting á stjórn Ingibjörg Birna Erlingsdóttir, sveitarstjóri Reykhólahrepps kom inn sem aðalmaður í stjórn í stað Þorgeirs Pálssonar sem lét af störfum um mitt ár 2021.

Stjórn er skipuð í tvö ár í senn og var skipað í nýja stjórn árið 2020.

Lögð fram tillaga að Ingibjörg Birna Erlingsdóttir, sveitarstjóri Reykhólahrepps taki sæti í stjórn og Eva Sigurbjörnsdóttir, oddviti Árneshrepps taki sæti í varastjórn BsVest. Fundarstjóri leggur fram tillöguna og er hún samþykkt með lófataki.

Peir sem skipa stjórn BsVest :

Jón Páll Hreinsson bæjarstjóra Bolungarvíkurkaupstaðar

Birgir Gunnarsson bæjarstjóra Ísafjarðarbæjar

Ólafur Þór Ólafsson sveitarstjóri Tálknafjarðarhrepps

Jóhanna Ösp fyrir hönd Fjórðungssambands Vestfjarða

Ingibjörg Birna Erlingsdóttir sveitarstjóri Reykhólahrepps

Varamenn í stjórn:

Bragi Þór Thoroddsen sveitarstjóri Súðavíkurhrepps

Rebekka Hilmarsdóttir bæjarstjóri Vesturbyggðar

Baldur Smári Einarsson bæjarstjóri Bolungarvíkurkaupstaðar

Eva Sigurbjörnsdóttir, oddviti Árneshrepps

Lilja Magnúsdóttir fyrir hönd Fjórðungssambands Vestfjarða

**7. Kosning endurskoðanda og endurskoðendafyrirtækis**

Fyrir fundinum liggur tillaga um að Endurskoðun Vestfjarða sem endurskoðendafyrirtæki. Samkvæmt samþykktum er kosning á tveggja ára fresti og var kosið á síðasta aðalfundi.

Fundarstjóri gefur orðið laust, enginn tekur til máls og er málið lagt fram til kynningar.



**8. Umfjöllun um breytingar á samþykktum byggðasamlagsins ef tillaga um það hefur komið fram með löglegum fyrirvara.**

Engar breytingar liggja fyrir fundinum um vegna samþykka BsVest, en í 11.gr samþykktar félagsins kemur fram að:

„Tillögur um breytingar á samþykktum byggðasamlagsins skulu sendar formanni stjórnar í síðasta lagi sjö sólarhringum fyrir upphaf aðalfundar. Tillöguflytjandi skal jafnframt kynna öllum aðildarsveitarfélögum tillöguna bréflega með sama fyrirvara.“

**9. Önnur mál**

Fundarstjóri gefur orðið laust.

Ingibjörg Birna Erlingsdóttir, sveitarstjóri Reykhólahrepps tekur til máls og þakkar Sif Huld Albertsdóttur, framkvæmdastjóra BsVest fyrir vel unnin störf á árinu, Jón Páll Hreinsson bæjarstjóri Bolungarvíkur tekur undir það.

Engin önnur mál voru rædd og slítur formaður stjórnar fundi.

Formaður stjórnar slítur fundi.

Kl: 9:44